



Notkunar- og viðhaldshandbók

UWI 5-slitómsjármælir

UWI 1-UP (UWI-
SLITÓMSJÁRMÆLIR)

Tungumál: upprunalegar leiðbeiningar



Skannaðu til að finna og kaupa varahluti frá Cat® og fá
tengdar þjónustuupplýsingar.



Mikilvægar öryggisupplýsingar

Flest slys sem snerta notkun vélarinnar, viðhald og viðgerðir verða þegar ekki er fylgt grundvallaröryggisreglum eða varúðar gætt. Oft er hægt að forðast slys með því að gera sér grein fyrir hugsanlegum háskalegum aðstæðum, áður en slys verða. Viðkomandi verður að vera á verði gagnvart hugsanlegri hættu, þar með töldum mannlegum atriðum sem geta haft áhrif á öryggi. Þessi aðili þarf einnig að búa yfir nauðsynlegri þjálfun, færni og tækjum til að vinna þessi verk rétt.

Röng notkun, smurning, viðhald eða viðgerð á vélinni getur verið hættuleg og gæti valdið meiðslum eða dauða.

Ekki nota þessa vél, né framkvæma smurvinnu, viðhald eða viðgerðir, fyrr en þú hefur gengið úr skugga um að þú hafir leyfi til að framkvæma þessa vinnu og hafir lesið og skilið upplýsingar varðandi notkun, smurningu, viðhald og viðgerðir.

Öryggisleiðbeiningar og viðvaranir er að finna í handbók þessari og á vélinni. Ef þessar viðvaranir eru hunsaðar gæti það valdið þér eða öðrum meiðslum eða bana.

Hættur eru auðkenndar með viðvörunartákni og skýringarorði, t.d. „HÆTTA“, „VIÐVÖRUN“ eða „VARÚÐ“. Merking með viðvöruninni „VIÐVÖRUN“ er sýnd hér að neðan.



Þetta viðvörunartákn þýðir eftirfarandi:

Takið eftir! Sýnið árvekni! Öryggi þitt er í húfi.

Skilaboðin sem birtast undir viðvöruninni skýra hættuna og eru ýmist á rituðu eða myndrænu formi.

Tilteknar aðgerðir sem valdið geta skemmdum á vélinni eru táknaðar með „NOTICE (TAKIÐ EFTIR)“ merkingum á vélinni og í þessu riti.

Caterpillar getur ekki séð fyrir allar hugsanlegar kringumstæður þar sem hættu getur verið á ferðum. Viðvaranirnar í þessu riti og á vélinni eru því ekki altækar. Ekki má nota þessa vöru með öðrum hætti en fram kemur í þessari handbók án þess að ganga fyrst úr skugga um að tekið hafi verið tillit til allra öryggisreglna og varúðarráðstafana sem eiga við um notkun vörunnar á hverjum stað, þar á meðal öryggisreglna og varúðarráðstafana sem gilda á vinnusvæðinu hverju sinni. Ef notast er við verkfæri, aðferð, verklag eða vinnutækni sem ekki er sérstaklega mælt með af Caterpillar verður þú að fullvissa þig um að þér og öðru fólki stafi ekki hættu af. Þú verður einnig að ganga úr skugga um að þú hafir leyfi til að framkvæma þessa vinnu og að vélin verði ekki fyrir skemmdum eða verði örugg vegna vinnulags við vinnu, smurningu, viðhald eða viðgerða sem þú hyggst framkvæma.

Upplýsingarnar, tæknilýsingarnar og skýringarmyndirnar í þessu riti eru byggðar á upplýsingum sem lágu fyrir þegar ritið var skrifað. Tæknilýsing, herslur, þrýstingur, mál, stillingar, skýringarmyndir og aðrir þættir geta breyst hvenær sem er. Þessar breytingar geta haft áhrif á það viðhald sem vélinni er veitt. Aflið bestu og nýjustu upplýsinga áður en byrjað er á nokkru verki. Cat söluaðilar hafa nýjustu upplýsingar á takteinum.

ATHUGIÐ

Þegar þörf er á varahlutum fyrir þessa vöru mælir Caterpillar með því að notaðir séu varahlutir frá Caterpillar®.

Aðrir varahlutir uppfylla hugsanlega ekki tilteknar tæknilýsingar upprunalega búnaðarins.

Þegar varahlutir eru settir upp ætti eigandi/notandi vinnuvélarinnar að tryggja að vinnuvélin sé áfram í samræmi við allar gildandi kröfur.

Í Bandaríkjunum getur viðhald, ísetning varahluta eða viðgerðir á útblásturskerfum farið fram á hvaða verkstæði eða af einstaklingi sem eigandinn kys.

Innihald

Formáli..... 4

Öryggiskafli

Öryggismerkingar og merkingar 5

Upplýsingar um eftirfylgni við regluverk

Útvarpstíðnihlutir 6

Notkunarkafli

Notkun 9

Viðhaldskafli

Viðhaldsáætlun 15

Uppflettiritakafli

Uppflettirit 17

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit 18

Formáli

Upplýsingar um handbókina

Þessa handbók ber að geyma í handbókarhólfinu.

Handbók þessi hefur að geyma upplýsingar um öryggisatriði, fyrirmæli um notkun og leiðbeiningar um hirðingu.

Nokkrar ljósmyndanna eða teikninganna sýna atriði sem geta verið frábrugðin þinni vél.

Sífelldar endurbætur og þróun á vélinni geta haft það í för með sér breytingar á vélinni þinni sem ekki koma fram í handbókinni. Lesið, nemið og geymið handbókina í vélinni.

Hvenær sem spurning vaknar varðandi vélina þína eða handbók þessa skaltu hafa samband við Cat umboðið varðandi nýjustu fánlegar upplýsingar.

Öryggi

Í öryggiskaflanum er farið yfir grundvallarvarúðarráðstafanir. Til viðbótar hefur þessi kafli að geyma texta og staðsetningu aðvörunarmerkja og miða sem notaðir eru á þessari vél.

Notkun

Notkunarkaflinn er ætlaður til uppflettingar af hálfu nýs notanda og til upprifjunar fyrir reynslumeiri ökumann. Þessi kafli fjallar einnig um mæla, rofa, stjórnþæki fyrir vél og tæki, ásamt upplýsingum um forritun.

Ljósmyndun og teikningar leiða ökumann gegnum réttar aðferðir við skoðun, ræsingu, notkun og stöðvun vélarinnar.

Notkunartækni sem sýnd er í handbókinni er grunnatriði. Leikni og tækni þróast eftir því sem ökumaður öðlast þekkingu á vélinni og getu hennar.

Viðhald

Viðhaldskaflinn er leiðarvísir um hirðingu vélarinnar.

Öryggiskafli

i10432751

Öryggismerkingar og merkingar

SMCS Kódi: 7606

AÐVÖRUN

Notið hvorki þennan búnað né vinnið við hann án þess að hafa lesið og skilið leiðbeiningarnar og viðvaranirnar sem er að finna í notkunar- og viðhaldshandbókunum. Slys eða dauði kann að hljóta af því að fylgja ekki leiðbeiningunum og aðvörunum. Hafið samband við söluaðila Caterpillar varðandi nýjar handbækur. Fullnægjandi viðhald er á þinni ábyrgð.

Sýna þarf aðgát gagnvart hugsanlegum hættum. Einnig þarf notandi að búa að nauðsynlegri þjálfun, færni og tækjum til að vinna rétt.

Tryggið að vinnuaðferðir skemmi hvorki vöruna né skerði öryggi hennar.

Tryggið að eftirfarandi skilyrði séu til staðar áður en tækið er notað

- Lesið þessa notkunar- og viðhaldshandbók vandlega fyrir notkun þessa tækis.
- Aldrei nota skemmt eða bilað tæki.
- Ekki opna vöruna ef vandamál kemur upp. Stuðning er að fá hjá þjónustudeild söluaðila.
- Takið búnaðinn alltaf úr sambandi við rafmagn áður en hann er þrífinn. Ekki nota hreinsiefni í vökva- eða úðaformi við þrif. Notið rakan klút.
- Haldið vörunni í öruggri fjarlægð frá vökva.
- Slökkvið tafarlaust á vörunni ef skráttinn lykt eða hljóð byrja að berast frá henni. Stuðning er að fá hjá þjónustudeild söluaðila.
- Klæðist viðeigandi hönskum við notkun þessa tækis til að vera hendurnar fyrir rispum og skurðum.

Upplýsingar um eftirfylgni við regluverk

Útvarpstíðnihlutir

i10432754

Þráðlaust tæki (UWI 5-slitómsjármælir (UWI 5) – ef hann er til staðar)

SMCS Kódi: 7008; 7600-ZM

Tafla 1

Gerð	Cat -hlutarnúmer
UWI 5- slitómsjármælir	633 - 8543 Mælir

⚠️ AÐVÖRUN

Þessi búnaður felur í sér tæki með útvarpstíðni. Þegar rafmagnshvellhettur eru notaðar við sprengiaðgerðir geta tæki með útvarpstíðni truflað þær og valdið alvarlegum meiðslum eða dauða. Caterpillar mælir með því að notendur geri eigið áhættumat til að ákvarða örugga fjarlægð við notkun og gæti þess að hafa tæki með útvarpstíðni ávallt utan fjarlægðarmarka sem kveðið er á um í gildandi lögum eða reglugerðum.

⚠️ AÐVÖRUN

Sprengihætta!

Tenging eða aftenging tækis með straumi á svæði þar sem til staðar eru óstöðugar eða eldfimar lofttegundir getur valdið sprengingu sem leitt getur til alvarlegra meiðsla eða dauða.

Ekki er hægt að sinna viðhaldi á eða gera við innri rafhlöðuna.

Ekki fjarlægja innri rafhlöðuna eða skipta um hana nema búið sé að taka strauminn af tækinu eða svæðið sé laust við eldfimar lofttegundir.

⚠️ AÐVÖRUN

Sprengihætta!

Tenging eða aftenging tækis með straumi á svæði þar sem til staðar eru óstöðugar eða eldfimar lofttegundir getur valdið sprengingu sem leitt getur til alvarlegra meiðsla eða dauða.

Ekki aftengja tækið fyrr en búið er að taka strauminn af tækinu eða svæðið er laust við eldfimar lofttegundir.

Tilvitnun: Frekari upplýsingar eru í notkunar- og viðhaldshandbók vörunnar.

sDoC

(Einfölduð samræmisyfirlýsing)

Evrópusambandið



Caterpillar Inc. 100 NE Adams Peoria, IL 61629 USA

Hér með lýsir Caterpillar Inc. því yfir að þessi þráðlausi fjarskiptabúnaður er í samræmi við tilskipun "2014/53/ESB". Heildartexta samræmisyfirlýsingar Evrópusambandsins er að finna á eftirfarandi vefsvæði:

<https://www.cat.com/radio-compliance>

Bretland



Caterpillar Inc. 100 NE Adams Peoria, IL 61629 USA

Caterpillar Inc. lýsir því hér með yfir að þessi fjarskiptabúnaður er í samræmi við viðeigandi lögbundnar kröfur. Heildartexta samræmisyfirlýsingar Stóra-Bretlands er að finna á eftirfarandi vefsvæði:

<https://www.cat.com/radio-compliance>

Caterpillar leggur til að skömmu eftir kaup verði eigandi sér úti um samræmisyfirlýsinguna.

Tæknilýsing

Eftirfarandi tæknilýsingar á beltaslitaskynjara frá Cat® eru gefnar upp fyrir tengt áhættumat og til að tryggja að staðbundnum reglugerðum sé framfylgt:

Tafla 2

Tæknilýsing sendiviðtækis		
Gerð	Tíðnisvið	Sendiafl
UWI 5-slitómsjármælir	2,402 – 2,480 GHz	+8 dBm

Tafla 3

Tæknilýsing útparpssenda		
Gerð	Spenna	Hámark- sstraumur
UWI 5-slitómsjárnælir	3,6 VDC	500 mA

Tilkynning um fyrirvara

ATHUGIÐ

Sending upplýsinga frá þessu fjarskiptatæki getur verið háð ýmsum lagaskilyrðum eftir því í hvaða lögsagnarumdæmi búnaðurinn sem er búinn tækinu er staðsettur. Lagalegu kröfurnar kunna að varða m.a., en takmarkast ekki við, leyfi fyrir notkun á fjarskiptatíðni. Takmarka verður sendingu upplýsinga úr þessum búnaði við staði þar sem öllum lagalegum kröfum um notkun á þessum búnaði og samskiptaneti hefur verið fullnægt. Hafið í huga að ef búnaður sem er búinn þessu tæki er staðsettur eða fluttur á stað þar sem (i) flutningur upplýsinga frá tækinu mun ekki vera samkvæmt lögum viðkomandi lögsagnarumdæmis eða (ii) sending eða úrvinnsla slíkra upplýsinga er ekki lögleg undanskilur Caterpillar sig allri ábyrgð sem tengist því að slíkum reglugerðum sé ekki fullnægt og Caterpillar kann að hætta að senda upplýsingar frá búnaðinum sem um ræðir. Hafið samband við söluaðila Cat vegna spurninga er varða notkun á þessu kerfi í tilteknu lögsagnarumdæmi.

Vottunartilkynningar

Yfirlýsing FCC um truflanir

Þessi búnaður hefur verið prófaður og telst samræmast takmörkunum fyrir stafrænt tæki í A-flokki, samkvæmt 15. hluta reglna FCC. Þessum takmörkunum er ætlað að veita hæfilega vernd gegn skaðlegri truflun þegar búnaðurinn er notaður í atvinnuskyni. Þessi búnaður myndar, notar og getur gefið frá sér útvarpstíðniorku og ef hann er ekki settur upp og notaður í samræmi við leiðbeiningarnar í handbókinni getur hann valdið skaðlegum truflunum á útvarpssamskiptum. Notkun á þessum búnaði í íbúðabyggð veldur að öllum líkindum skaðlegum truflunum og er þess krafist af notandanum að hann leiðrétti truflunina á eigin kostnað.

Notendur mega ekki gera breytingar á eða aðlaga tækið á nokkurn hátt. Breytingar sem ekki hafa verið sérstaklega samþykktar af Caterpillar gera það að verkum að notandinn má ekki nota búnaðinn lengur.

Yfirlýsing ISED (Kanada)

Þetta tæki uppfyllir iðnaðarleyfi Kanada hvað varðar undanþágu fyrir RSS. Notkun er háð eftirtöldum tveimur skilyrðum:

- Þetta tæki má ekki valda truflunum; og

- Þetta tæki verður að taka við truflunum, þ.m.t. truflunum sem kunna að hafa neikvæð áhrif á virkni tækisins.

Vottunarmedkingar

 **Argentína – Þetta tæki er samþykkt til notkunar í Argentínu. Vottunarkenni: EX-2024-31543943- -APN-REYS#ENACOM - CT:24771.240325173400.37**

 **Ástralía – Þetta tæki er samþykkt til notkunar í Ástralíu.**

Bólvía – Þetta tæki er samþykkt til notkunar í Bólvíu. Vottunarnúmer: ATT 444/2024

 **Brasilía – Þetta tæki er samþykkt til notkunar í Brasilíu. Vottorðsnúmer: 06923-24-07855.**

Samræmisvottorðsnúmer: ICC 03.059/2024. Útvarpssendirinn er hannaður til notkunar í iðnaði og viðskiptalegum tilgangi, fyrir þjálfað og sérhæft starfsfólk, ekki til heimilisnota.

Kanada – Þetta tæki er samþykkt til notkunar í Kanada. ISED ID 3147A-BL653

Chile – Þetta tæki er samþykkt til notkunar í Chile. Vottorðsnúmer: 110413/F-25

Kólobía – Þetta tæki er samþykkt til notkunar í Kólobíu. Vottorðsnúmer: 2024518529

Kostaríka – Þetta tæki er samþykkt til notkunar í Kostaríka. Vottorðsnúmer: 08991-SUTEL-DGC-2024

Ekvador – Þetta tæki er samþykkt til notkunar í Ekvador. Vottorðsnúmer: ARCOTEL-NRH-2024-001918

Indland – Þetta tæki er samþykkt til notkunar á Indlandi. Heimildarnúmer: ETA-SD-20241009600

 **Indónesía – Þetta tæki er samþykkt til notkunar í Indónesíu. Vottorðsnúmer: 103922/SDPPI/2024**

 **Japan – Þetta tæki er samþykkt til notkunar í Japan. Vottorðsnúmer senditækis: 201-200063, fjarskiptavottorðsnúmer: D180136003**

Kasakstan – Þetta tæki er samþykkt til notkunar í Kasakstan. Vottorðsnúmer: KZ 7500533.13.12.05109

Upplýsingar um eftirfylgni við regluverk
UWI 5-slitómsjármælir (UWI 5) – ef hann er til staðar



**Mexíkó – Þetta tæki er samþykkt til
notkunar í Mexíkó. Vottunarkenni: TCOE
9031.80.8085**



**Nýja-Sjáland – Þetta tæki er samþykkt til
notkunar á Nýja-Sjálandi.
Vottorðsnúmer: AS_5006351**

Perú – Þetta tæki er samþykkt til notkunar í Perú.
Vottunarkenni: TRSS58114

Súrínám – Þetta tæki er samþykkt til notkunar í
Súrínám. Kenni gerðarviðurkenningar: T0181/21

Taíland – Þetta tæki er samþykkt til notkunar í
Taílandi. Vottorðsnúmer: SD04262-24



**Bandaríkin – Þetta tæki er samþykkt til
notkunar í Bandaríkjunum. FCC-
auðkenni: SQGBL653**

Víetnam – Þetta tæki er samþykkt til notkunar í
Víetnam.

Notkunarkafli


Notkun

i10432750

Notkun

SMCS Kódi: 6129; 6461; 6700; 6700-KH; 7000; 7008; 7220; 7605; 7606

UWI 5-slitómsjármælir (UWI 5) mælir þykkt íhluta úr stáli með því að senda hátíðnihljóðbylgjur í gegnum efnið sem verið er að mæla. Þykktin er byggð á þeim tíma sem líður frá sendingu og að móttöku hljóðbylgjana.



Skýringarmynd 1

g07843865

UWI 5-slitómsjármælir (UWI 5)

- (1) Kannatenglar
- (2) Mælingarviðmið
- (3) Hleðsluljós rafhlöðu
- (4) Bluetooth-ljós
- (5) Afrofi
- (6) Micro-USB hleðslutengi

Hleðsla innri rafhlöðu

Mælirinn inniheldur Ni-MH hleðslurafhlöðu (nikkelmálmhýdríð) sem ekki er hægt að skipta um. Áætlaður endingartími rafhlöðunnar er minnst tvö ár miðað við eðlilega notkun. Stingið meðfylgjandi USB-hleðslusnúru í samband við micro-USB hleðslutengið (6) til að hlaða rafhlöðuna. Hleðsluljós rafhlöðunnar (3) lýsir frá vinstri til hægri til merkis um að verið sé að hlaða rafhlöðuna og til að sýna núverandi hleðslustöðu hennar. Ef rauða blikkandi ljósið fyrir lága hleðslustöðu rafhlöðu heldur áfram að blikka og mælirinn sýnir engin merki um hleðslu eftir einhvern tíma gæti þurft að endurstilla mælinn eða þá að rafhlaðan hefur náð lokum endingartíma síns. Ef öll hleðsluljós rafhlöðunnar blikka hefur komið upp villa í hleðslu rafhlöðunnar. Gangið úr skugga um að ekki sé verið að hlaða mælinn í of köldu eða of heitu umhverfi og endurræsið hleðsluna til að sjá hvort villan komi upp aftur. Ef hleðsla rafhlöðunnar heldur áfram að mistakast gæti þurft að endurstilla mælinn eða þá að rafhlaðan hefur náð lokum endingartíma síns.

KVEIKT

Ýtið einu sinni á aflrofann (5) til að kveikja á mælinum. Hleðsluljós rafhlöðunnar (3) sýna núverandi hleðslu og Bluetooth-ljósið (4) blikkar.

SLÖKKT


Haldið aflrofanum (5) inni í þrjár sekúndur til að slökka á mælinum. Mælirinn slekkur einnig á sér eftir þrjár mínútur þegar hann er ekki tengdur við Bluetooth-tæki.

Mælikanni tengdur

Stingið mælikannatenglunum tveimur í samband við kannatenglana (1) ofan á mælinum. Ekki skiptir máli hvaða mælikannatengill er tengdur við hvaða tengil á mælinum.

Tenging við CWMS-forrit

1. Setjið upp farsímaforritið Cat® Wear Management System (CWMS) í fartæki notanda. Veitið heimild fyrir staðsetningarupplýsingum ef stjórnkerfi fartækisins birtir beiðni um það. Að öðrum kosti er möguleiki á að forritið nái ekki að tengast mælinum um Bluetooth.



Skýringarmynd 2


g07846178

Upphafsskjá CWMS

(7) Rofi

(8) Hnappurinn "LOGIN WITH CWS ID"

2. Samþykkið skilmálana með því að smella á rofann (7) og velja hnappinn "LOGIN WITH CWS ID" (innskráning með CWS-auðkenni) (8) á upphafsskjá CWMS.



Skýringarmynd 3


g07851180

Innskráningarskjámynd CWS

(9) Notandanafnssvæði

(10) Hnappurinn "Continue"

3. Sláið inn CWS-auðkennið á notandanafnssvæðið (9) og smellið á hnappinn "Continue" (halda áfram) (10) á innskráningarskjámynd CWS.




Skýringarmynd 4

g07846187

Aðalskjámynd CWMS

(11) Hliðarvalmyndartákn

4. Smellið á hliðarvalmyndartákn (11) á aðalskjámynd CWMS.




Skýringarmynd 5

g07846189

Skjámynd hliðarvalmyndar CWMS

(12) Valmyndaratriðið UWI 5

5. Veljið valmyndaratriði UWI 5 (12) á skjámynd hliðarvalmyndar CWMS.




Skýringarmynd 6

g07846237

Tengingarskjámynd CWMS UWI 5

(13) Hnappurinn "Connect"

6. Veljið hnappinn "Connect" (tengja) (13) á tengingarskjámynd CWMS UWI 5. Kveikt þarf að vera á UWI 5 og Bluetooth-ljósið (4) þarf að vera blikkandi til að hægt sé að tengja. Ef kveikt er á fleiri en einum ótengdum UWI 5-mæli í grenndinni reynir CWMS-forritið að tengjast fyrsta mælinum sem það greinir.



Skýringarmynd 7

g07846252


Kvörðunarskjámynd CWSM UWI 5

(14) Tengistaða

7. Tengistaðan (14) efst til hægri á skjámyndinni breytist úr "Disconnected" (aftengt) í "Connected" (tengt) og Bluetooth-ljós (4) UWI 5 hættir að blikka þegar Bluetooht-tengingu er náð.

Kanna mælingarviðmið

Þegar búið er að tengja UWI 5 við CWMS-forritið um Bluetooth mælikanninn er tengdur þarf að fara yfir mælingarviðmið (2) til að staðfesta að mælirinn og mælikanninn virki rétt.



Skýringarmynd 8

g07846256

Kvörðunarskjámynd UWI 5

(15) Hnappurinn "CALIBRATE" (kvarða)



Skýringarmynd 9


g07846257

UWI 5 og mælikanni

(16) Mælikanni

(2) Mælingarviðmið

1. Berið smávægilegt magn ómsjargels á mælingarviðmiðið (2) eða á mælikannann (16) og haldið mælikannanum (16) upp að mælingarviðmiðinu (2).
2. Ýtið á hnappinn "CALIBRATE" (kvarða) (15) til að hefja kvörðunina.



Skýringarmynd 10

g07846909

Mælingaskjámynd CWMS UWI 5

(17) Hnappurinn "MEASURE" (mæla)

(18) Hnappurinn "RECALIBRATE" (endurkvarða)

3. Þegar kvörðun er lokið skal ýta á hnappinn "MEASURE" (mæla) (17) til að mælingarviðmið (2) mæli 6.35 mm (0.25 inch). Einnig er hægt að nota mælingaskjámyndina til að mæla þykkt stálíhlutar með því að halda mælikanna (16) upp að íhlutnum sem á að mæla og smella á hnappinn "MEASURE" (mæla) (17). Ýtið á hnappinn "RECALIBRATE" (endurkvarða) (18) til að staðfesta aðgerðina og mælingu mælisins og mælikannans.

Endurstilling tækis

Ef vandamál koma upp í tengslum við hleðslu eða notkun UWI 5-slitómsjarmælis er hægt að endurstilla tækið á eðlilega virkni. Haldið aflrofanum (5) inni í minnst 10 sekúndur til að hefja endurstillingu tækis.

Ef UWI 5 virkar enn ekki sem skyldi skal leita eftir skemmdum á mælikannanum (14) og kannatenglunum (1). Skiptið kanna út fyrir kanna sem vitað er að virki og athugið virknina á ný. Frekari stuðning er að fá hjá þjónustudeild söluaðila.

i10432752

Geymsla

SMCS Kódi: 0355; 1401; 4480; 5927; 6282-505; 6461; 7541; E100; E200



Skýringarmynd 11

g07851254

UWI 5-slitómsjarmælir (UWI 5) og mælikanni

(1) UWI 5-slitómsjarmælir

(2) Mælikanni

Geymið UWI 5-mælinn (1) og mælikannann (2) á hreinum og þurrum stað til að koma í veg fyrir tæringu eða skemmdir þegar mælirinn er ekki í notkun. Ekki láta UWI 5-mælinn (1) liggja í sólarljósi þegar ekki er verið að nota hann. Hægt er að geyma UWI 5-mælinn (1) og mælikannann (2) í meðfylgjandi hlífðartösku þegar búnaðurinn er ekki í notkun. Hlaðið rafhlöðu UWI 5-mælisins (1) reglulega til að tryggja endingu rafhlöðunnar ef ekki á nota mælinn í meira en sex mánuði.

Viðhaldskafli

i10432755

Viðhaldsáætlun

SMCS Kódi: 1000; 1400; 3030; 4203; 4450; 4469; 4480; 4490; 4491; 5070; 5612; 5927; 6282-041; 6319; 6320; 6345; 6346; 6461; 6700; 6700-041; 6700-041-KH; 6901; 7000; 7004-JST; 7007; 7008; 7220; 7312; 7327; 7400; 7451; 7490; 7500; 7519; 7541; 7605; 7615; 7730; E100; E200

Tryggið að allar öryggisupplýsingar, viðvaranir og leiðbeiningar hafi verið lesnar gaumgæfilega áður en vinnsla eða viðhaldsferli fer fram.

Notandi vinnuvélarinnar er ábyrgur fyrir viðhaldi á búnaði. Þar með talið stillingum, notkun á viðeigandi smurefnum, vökvum, síum og því að skipta út íhlutum vegna eðlilegs slits. Ef reglubundnum viðhaldstímum og viðhaldsferlum er ekki fylgt kann að draga úr afköstum vinnuvélarinnar og/eða slit á íhlutum að aukast.

Vinnuvélar sem notaðar eru við erfiðar aðstæður eða nota óeðlilega mikið magn af eldsneyti gætu þurft á tíðara viðhaldi að halda. Sjá nánar um viðhaldsaðgerðir fyrir undantekningar sem gætu breytt viðhaldsmillibili.

Athugasemd: Áður en næsta viðhald fer fram verða viðhaldsaðgerðir fyrra viðhaldstímabils að hafa farið fram.

Þegar þörf er fyrir


“ Slitómsjármælir – þríf“ 16

i10432753

Slitómsjármælir – þríf

SMCS Kódi: 7450-070

Slökkvið á UWI 5-slitómsjármælinum áður en hann er þrífinn. Frekari upplýsingar umhverfing á að slökkva á UWI 5 eru í “Notkun”.



Skýringarmynd 12

g07847253

UWI 5 og mælikanni

- (1) Kannatenglar
- (2) Mælikanni
- (3) Taska úr plasti
- (4) Micro-USB tengill

Hreinsun

UWI 5-mælirinn er ætlaður til notkunar utandyra og við ýmsar konar umhverfisaðstæður. Engu að síður þarf að sýna aðgát við notkun hans og halda honum hreinum. Plasttaskan (3) er með þétti í kringum micro-USB tengilinn (4), auk þess að vera vatnsheld og rykþétt.

Athugasemd: UWI 5-mælirinn er ekki vatnsheldur og hann getur skemmst ef vatn eða óhreinindi komast í hann.

Ef raki kemst í plasttöskuna (3) skal leyfa UWI 5-mælinum að þorna áður en hann er notaður. Frekari stuðning er að fá hjá þjónustudeild söluaðila.

Þurrkið varlega af UWI 5-mælinum með mjúkum, þurrum klút.

Athugasemd: Ekki nota arómatísk-kolvetni eða klóraða leysa við þríf. Þessi efni geta hvarfast við plastið í töskunni, lyklaborðinu og skjánum og kunna að valda skemmdum.

Hreinsun ómsjargels

Fjarlægja skal ómsjargel af plasttöskunni (3) og mælikannanum (2) með þurri tusku áður en gelið þornar. Hefðbundið ómsjargel er vatnsleysanlegt og hægt er að nota hreinan og rakan klút til að fjarlægja þornað gel.

Þríf kannatengla og Micro-USB tengla

Halda skal mælikannatenglum (1) ofan á UWI 5-mælinum og micro-USB tenglinum (4) neðan á mælinum hreinum og lausa við aðskotahluti. Ef óhreinindi komast inn í tenglana geta þau gert notanda erfiðara með að stinga í samband eða ná tengingu. Hafið mælikanna (2) alltaf í sambandi við kannatengla (1) þegar mælirinn er ekki í notkun eða í geymslu til að koma í veg fyrir óhreinindi komist inn.

Uppflettiritakafli

Uppflettirit

i08143291

Uppflettiefni

SMCS Kódi: 1000; 1054; 108K; 1261; 1263; 1300; 1308; 1926; 3030; 4450; 4469; 4480; 4490; 4491; 5068; 5070; 5927; 6282; 6319; 6320; 6461; 6700; 7000; 7342; 7451; 7605; 7615; E100; E200

Frekara lesefni fyrir vöruna er hugsanlega til sölu hjá söluaðila Cat eða á publications.cat.com. Notið vöruheiti, gerð og raðnúmer til að fá réttar upplýsingar um vöruna.

publications.cat.com

i10345624

Að taka úr notkun og förgun

SMCS Kódi: 1000; 1021; 4450; 4480; 5927; 6319; 6320; 6700; 7000; 7002; 7541; E100; E200

Þegar vélin er tekin úr umferð gilda mismunandi reglur um úreldingu vélarinnar á hverjum stað. Förgun vélarinnar fer eftir gildandi reglum á hverjum stað.

Röng förgun úrgangs getur verið hættuleg umhverfinu. Fylgið staðbundnum reglugerðum varðandi úreldingu og förgun efnis.

Hafið samband við söluaðila Cat til að fá upplýsingar um hvernig á að taka þessa vöru úr notkun og farga henni.

Efnisyfirlit

A

Að taka úr notkun og förgun	17
-----------------------------------	----

F

Formáli.....	4
Notkun	4
Upplýsingar um handbókina	4
Viðhald	4
Öryggi	4

G

Geymsla	14
---------------	----

I

Innihald	3
----------------	---

M

Mikilvægar öryggisupplýsingar.....	2
------------------------------------	---

N

Notkun	9
Endurstilling tækis	14
Hleðsla innri rafhlöðu	9
Kanna mælingarviðmið	12
KVEIKT	9
Mælikanni tengdur	9
SLÖKKT.....	9
Tenging við CWMS-forrit.....	9
Notkunarkafli	9

S

Slitómsjarmælir – þrif.....	16
Hreinsun	16

U

Uppflettiefni	17
Uppflettirit	17
Uppflettiritakafli.....	17
Upplýsingar um eftirfylgni við regluverk	6

Ú

Útvarpstíðnihlutir	6
--------------------------	---

V

Viðhaldsáætlun.....	15
Þegar þörf er fyrir	15
Viðhaldskafli	15

Þ

Þráðlaust tæki (UWI 5-slitómsjarmælir (UWI 5) – ef hann er til staðar)	6
sDoC.....	6
Tilkynning um fyrirvara.....	7
Tæknilýsing.....	6
Vottunarmerkingar	7
Vottunartilkynningar	7

Ö

Öryggiskafli.....	5
Öryggismerkingar og merkingar.....	5

Upplýsingar um tæki og umboð.

Athugasemd: Varðandi upplýsingar um raðnúmeraplötur, sjá kafla "Product Identification Information" í Notkunar- og viðhaldsbókinni ("Operation and Maintenance Manual").

Afhendingardagur: _____

Upplýsingar um tækið

Gerð: _____

Framleiðslunúmer: _____

Raðnúmer vélar: _____

Raðnúmer gírkassa: _____

Raðnúmer rafals: _____

Raðnúmer fylgibúnaðar: _____

Upplýsingar um fylgibúnað: _____

Tækjanúmer eiganda: _____

Vélaskrárnúmer umboðs: _____

Upplýsingar um umboð

Nafn: _____ Útibú: _____

Heimilis-
fang: _____

Sambandsaðili

Símanúmer

Afgreiðslutími

Sala: _____

Varahlutir: _____

Þjónusta: _____

M0175667
©2025 Caterpillar
Allur réttur áskilinn

CAT, CATERPILLAR, LET'S DO THE WORK, kennimerki þeirra, „Caterpillar Corporate Yellow“, „Power Edge“ og Cat „Modern Hex“ vöruútlitið, auk þeirra fyrirtækis- og vöruauðkenna sem hér eru notuð, eru vörumerki Caterpillar og er notkun þeirra óheimil nema með skriflegu leyfi.

